

## Uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2012

Árið 2012 var mjólkurframleiðsla samtals 125.159.990 lítrar, en greiðslumark ársins var 114.500.000 lítrar. Aðildarfélag SAM tóku á móti 125.092.988 lítrum, þar af allri mjólk sem var framleidd umfram greiðslumarks samtals 10.659.990 lítrum.

Á verðlagsárinu 2012 nam útflutningur, af hálfu aðildarfélaga SAM, 2.050.338 kg af mjólkurvörum sem umreiknast samkvæmt ríkisstuðlum yfir í 13.504.869 lítra mjólkur á próteingrunni og 13.547.255 lítra á fitugrunni. Sundurgreindur útflutningur verðlagsársins í magni mjólkurvara og umreiknaður yfir í mjólk frá framleiðendum, var sem hér segir:

### Útflutningur aðildarfélaga SAM árið 2012

Vöruflokkur	Kíló	Umreiknað í lítra mjólkur miðað við	
		fitu (lítrar)	prótein (lítrar)
Skyr	514.428	21.251	1.811.165
Hleðsla	7.194	0	0
Smjör	531.086	10.981.551	769.801
Ostar	347.630	2.446.953	3.344.252
Undanrennuduft	650.000	97.500	7.579.650
Samtals:	2.050.338	13.547.255	13.504.869

Samkvæmt 52. grein laga nr. 99/1993 skal framleiðsla mjólkur umfram greiðslumark fara á erlendan markað á ábyrgð hvers framleiðanda og viðkomandi afurðastöðvar. Með útfluttu magni mjólkurvara á verðlagsárinu 2012, af hálfu aðildarfélaga SAM, hafa þau uppfyllt framangreint útflutningsákvæði laga nr. 99/1993, þar sem útflutningur uppfyllti ákvæði laganna í magni talið. Aðildarfélag SAM greiða framleiðendum fyrir umfram mjólk eftir því sem erlendir markaðir skila hverju sinni.

Sala mjólkur á innanlandsmarkaði á verðlagsárinu 2012 var meiri en úthlutað greiðslumark ársins, aukinni sölu var mætt með því að ganga á birgðir mjólkurvara í landinu. Síðustu ár hefur innanlandssala verið minni en úthlutað greiðslumark og birgðir hafa aukist. Þannig er mismun milli úthlutaðs greiðslumarks og sölu mjólkurvara mætt með birgðastjórnun mjólkurvara á landsvísu.

Samstarfsnefnd SAM og Bændasamtaka Íslands afgreiðir mjólkuruppgjör hvers verðlagsárs og sendir til Framkvæmdanefndar búvörusamninga til staðfestingar. Mjólkuruppgjör vegna verðlagsársins 2012 var afgreitt af Samstarfsnefnd SAM og BÍ 12. febrúar 2013 og var sent til Framkvæmdanefndarinnar um miðjan febrúar.